

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Reykjavík, 19. desember 2014
Fundargerð 142. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. desember 2014 var haldinn 142. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Haraldur L. Haraldsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs SHS. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Óleyfisbúðir og óleyfisbúseta í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði
Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála varðandi óleyfilega búsetu í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og kynnti drög að kröfubréfi um endurbætur eldvarna í slíku húsnæði.

Eftirfarandi lagt fram:

- Búseta í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu 2008 - 2014, yfirlit. Ódagsett.
- Kröfubréf vegna óleyfisbúsetu, drög. Ódagsett.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Endurnýjun á slökkvibifreiðum

Kynnt ástand útkallstækja SHS og óskað eftir heimild stjórnar að leita eftir tilboðum í slökkvibifreiðar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS; Útboð dælubifreiða, dags. 15. desember 2014.

Afgreiðsla: Frestað.

3. Gjaldskrá SHS 2015

Slökkviliðsstjóri lagði endurnýjaða gjaldskrá SHS fram til samþykktar stjórnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS 2015, dags. 19. desember 2014.

Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkti gjaldskrána og var hún undirrituð af formanni stjórnar. Gjaldskránni var síðan vísað til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

4. Bréf frá Brunavörnum Suðurnesja

Farið var yfir erindi frá stjórn Brunavarna Suðurnesja, BS, fyrir hönd eigenda þess varðandi viðræður um hugsanlega sameiningu SHS og BS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá Brunavörnum Suðurnesja; Ósk um viðræður um sameiningu, dags. 5. desember 2014.

Afgreiðsla: Samþykkt að hefja viðræður við Brunavarnir Suðurnesja um hugsanlega sameiningu SHS og BS. Slökkviliðsstjóra falið að taka saman minnisblað um faglega þáttinn og rekstrarrýnihóp SHS falið að skoða rekstar- og fjárhagslegar forsendur.

5. Gagnagátt stjórnar

Kynntar voru viðræður SHS og SSH um að SHS fái aðgang að gagnagátt SSH fyrir fundargögn stjórnar.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál

6.1 Vígsla Skarhólabrautar.

Að öllu óbreyttu er stefnt að því að opna slökkvistöðina við Skarhólabrauti í janúar 2015.

Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 16. janúar 2015.

Fundi slitið klukkan 10.00

Fylgiskjöl:

- Búseta í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu 2008 - 2014, yfirlit. Ódagsett.
- Kröfubréf vegna óleyfisbúsetu, drög. Ódagsett.
- Minnisblað SHS; Útboð dælubifreiða, dags. 15. desember 2014.
- Gjaldskrá SHS 2015, dags. 19. desember 2014.

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Gunnar Einarsson

Haraldur Sverrisson

Haraldur L. Haraldsson